

Nafn: _____ Einkunn _____

1. (50%) Smíðaðu jafnhliða þríhyrning með geogebra.


Verkefni á bls. 19 – 20 í GeoGebru.

a) Opnaðu nýja GeoGebruskra.

b) Veldu Sýn - Einfaldur rúmfræðigluggi.

Vistaðu skrána undir nafninu jafnhlid_nafn. Skilakassi er á moodle.

c) Sýndu kennara smíðina.

**Smíðuferli**

1		Línustrik AB .
2		Gerið hring með miðju A í gegnum B .
3		Gerið hring með miðju B í gegnum A . <u>Ábending:</u> Dragðu til punktana A og B til að kanna hvort hringurinn er tengdur þeim.
4		Finndu skurðpunkta hringjanna og merktu annan þeirra C .
5		Búið til þríhyrning ABC rangsælis.
6		Felið hringina.
7		Sýnið innri horn þríhyrningsins. <u>Ábending:</u> Hafi marghyrningurinn verið búinn til réttisælis, koma ytri horn!
8		Vistið myndsmíðina.
9		Beitið dragprófi, til þess að kanna hvort rétt hafi verið staðið að verkinu.

10 Fela merkinga hliða og gríska bókstafi í hornum.



Geogebra – Hjálparmyndband – Dæmi 1. Skannaðu kóðann


2. (50%) Smíði reglulegs sexhyrnings á bls. 25 – 26.

Opnaðu nýja GeoGebruskrá.

Vistaðu skrána undir nafninu marghyrn_nafn.

Skilakassi er á moodle.

Sýndu kennara smíðina þegar henni er lokið.



Smíðaferli

1		Teiknið hring a með miðju í A gegnum punkt B.
2		Teiknið annan hring b með miðju B gegnum punkt A.
3		Finnið skurðpunkt hringjanna til að finna hornpunkta C og D.
4		Teiknið nýjan hring c með miðju í C gegnum punkt A.
5		Finnið skurðpunkt hans og fyrsta hringsins til að fá hornpunkt E.
6		Teiknið nýjan hring með miðju í D gegnum punkt A.
7		Finnið skurðpunkt hans og fyrsta hringsins til að fá hornpunkt F.
8		Teiknið nýjan hring með miðju í E gegnum punkt A.
9		Finnið skurðpunkt hans og fyrsta hringsins til að fá hornpunkt G.
10		Teiknið sexhyrninginn FGECBD.
11		Felið hringina.
12		Mælið horn sexhyrningsins.
13		Framkvæmið dragpróf til að kanna hvort myndsmíðin er rétt.